

Hvað segja samningsaðilar um áhrif samninga um aflamark Byggðastofnunar?

Þingeyri

„Samningur um aflamark Byggðastofnunar er grundvöllur þess að hægt sé að halda uppi heilsárs vinnslu í frystihúsinu á Þingeyri. Samningar til 6 ára í senn hafa tryggt það að hægt sé að ráðast í kostnaðarsamar fjárfestingar í tækjabúnaði sem tryggir reksturinn til lengri tíma lítið. Íslenskt sjávarfang hefur rekið frystihúsið á Þingeyri s.l. 9 ár og hefur starfsmannafjöldi verið 25–35 lengst af og enginn dagur fallið niður í vinnslu. Þetta skiptir sköpum fyrir lítið samfélag eins og Þingeyri, enda er frystihúsið stærsti vinnustaðurinn þar. Það verður að segjast eins og er að þetta hefði ekki verið hægt án aflamarks Byggðastofnunar og samningum við útgerðir sem tryggir hráefni til vinnslunnar.“

Rúnar Björgvinsson framkvæmdastjóri Íslensks sjávarfangs ehf.